



# Samgöngustofa

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017



# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Viðbrögð við athugasemdum .....	5
4	Fjárveitingar og rekstur .....	7
4.1	Fjárveitingar .....	7
4.2	Rekstraráætlun.....	8
4.3	Niðurstaða.....	8
5	Innra eftirlit.....	9
5.1	Inngangur .....	9
5.2	Umfjöllun .....	9
5.2.1	Bókhald .....	9
5.2.2	Laun.....	9
5.2.3	Ráðningarsamningar og starfslýsingar .....	9
5.2.4	Tekjur og gjaldskrá.....	10
5.2.5	Rekstrargjöld .....	10
5.3	Niðurstöður/ábendingar .....	10
6	Fylgni við lög og reglur.....	11
6.1	Inngangur .....	11
6.2	Umfjöllun .....	11
6.2.1	Risna.....	11
6.2.2	Styrkir.....	11
6.2.3	Virðisaukaskattur .....	11
6.2.4	Launa- og starfsmannamál .....	11
6.3	Niðurstöður .....	11
7	Endurskoðun rekstrarliða .....	12
7.1	Tekjur .....	12
7.2	Laun og launatengd gjöld.....	12
7.3	Önnur rekstrargjöld.....	13
7.4	Niðurstöður/ábendingar .....	13
8	Endurskoðun efnahagsliða .....	14
8.1	Eignir .....	14
8.1.1	Tæki og búnaður .....	14
8.1.2	Birgðir.....	15
8.1.3	Skammtímakröfur .....	15
8.1.4	Ríkissjóður.....	15
8.1.5	Handbært fé.....	15
8.2	Eigið fé og skuldir .....	16
8.2.1	Höfuðstóll .....	16
8.2.2	Annað eigið fé .....	16
8.2.3	Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	16
8.3	Niðurstöður/ábendingar .....	16
9	Önnur atriði .....	17
9.1	Samþykkt ársreiknings .....	17
9.2	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	17
9.3	Lögfræðibréf .....	17
9.4	Óhæðisyfirlýsing.....	17

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun hjá Samgöngustofu fyrir árið 2017.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Nokkur breyting var á reikningsskilaaðferðum frá þeim sem giltu árið 2016. Reikningsskil skulu hér eftir alfarið vera á rekstrargrunni. Helstu breytingar, að því er stofnefnahagsreikning og reikningsskil ársins 2017 varðar, eru eignfærsla og afskrift varanlegra rekstrarfjármuna og eign- og skuldfærsla fyrirfram- og eftirágreidds kostnaðar.

Skuldbinding vegna orlofs í árslok 2016 var færð til skuldar í stofnefnahagsreikningi, á eigið fé. Nánar er gert grein fyrir þessu í skýrslunni.

Fjárveitingar vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum, sem ætlað er að mæta kostnaði á síðari tímabilum, eru skuldfærðar sem frestaðar tekjur. Þær færast nú til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna.

Endurskoðun hjá Samgöngustofu fór síðast fram á árinu 2017 vegna ársins 2016.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Ríkisendurskoðun vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

### 1. Afstemming á tekjum

Ítrekuð er ábending frá fyrra ári, um að komið verði á skipulögðu verklagi við afstemmingar á tekjum.

### 2. Aðgangsheimildir

Endurtekin er ítrekuð ábending frá fyrra ári, um að aðgangsheimildir í Navision séu enn of víðtækar. Mælt er til að þetta verði lagað eins fljótt og hægt er.

Huga þarf að aðgangsheimildum í fyrirtækjabanka. Þær þurfa að vera í samræmi við ábyrgðarsvið starfsmanna til að tryggja aðgreiningu starfa við fjárreiður og bókhald

### 3. Skjölun ferla

Fara þarf yfir og skjala helstu ferla stofnunarinnar.

### 4. Yfirferð á launalista

Mælt er með að yfirferð á launalista sé staðfest af viðeigandi aðilum áður en launagreiðsla er framkvæmd og að listinn innihaldi samanburðartölur við fyrri mánuð til frekari glöggvunar.

### 5. Risna

Útfyllt risnuheimild þarf að fylgja með risnureikningum sbr. reglur fjármála- og efnahagsráðuneytis um risnuhald hjá ríkisstofnunum.

### 6. Ráðningarsamningar

Gæta þarf þess að allir ráðningarsamningar séu undirritaðir af viðeigandi aðilum.

Ljúka þarf við gerð þeirra ráðningarsamninga sem eftir er að endurgera frá sameiningu, ásamt frágangi vegna vörpunar yfir í nýja launatöflu hjá SFR.

Gæta þarf þess að allar launabreytingar, aðrar en samningsbundnar, séu skjalfestar, rekjanlegar og staðfestar af viðeigandi aðilum innan stofnunarinnar.

## 3 Viðbrögð við athugasemdum

### 1. Afstemming á tekjum

Skipulögðu verklagi hefur verið komið á og áætlað er að í árslok 2018 verði a.m.k. 90% ríkistekna hjá Samgöngustofu afstemmdar og a.m.k. 70% sértekna og annarra rekstrartekna afstemmdar með reglubundnum hætti. Unnið er að því að útvega gögn svo hægt sé að ná 100% afstemmingu tekna eins fljótt og auðið er.

### 2. Aðgangsheimildir

Forrit hefur verið sett upp í Navision til að skanna verkferla og búa til aðgangsheimildir í kjölfarið. Starfsfólk þjónustuværs hafa nú takmarkaðar aðgangsheimildir og unnið er í að takmarka aðgang annarra eins og hægt er. Góður rekjanleiki er hins vegar í Navision þannig að með auðveldum hætti er hægt að sjá allar færslur hvers notanda kerfisins og er sú skoðun framkvæmd með reglubundnum hætti.

Eftirlitsferli með aðgangsheimildum í banka og með kreditkortum hefur verið endurskoðað til að tryggja að ef starfsmenn breyta um starf eða ábyrgðarsvið innan stofnunarinnar að réttindi þeirra í banka breytist í samræmi við það.

### 3. Skjölun ferla

Ferlar fjármáladeildar hafa breyst mjög hratt undanfarin misseri bæði í kjölfar mannabreytinga, uppfærslu kerfa og aukinnar sjálfvirknivæðingar kerfa stofnunarinnar. Verið er að fara yfir þá ferla sem til eru og koma þeim inni í nýtt stjórnunarkerfi Samgöngustofu, ásamt því að skrifa nýja ferla þar sem vantar og kortleggja hvað uppá vantar. Áætlað er að þessu verði að mestu lokið 2019.

### 4. Yfirferð á launalista

Ekki er hægt að keyra út bókun launa fyrr en greiðsla hefur átt sér stað. Samkvæmt verklagi Samgöngustofu er launabókun keyrð út 5. hvers mánaðar og mánuðurinn á undan borinn saman við. Forstjóri Samgöngustofu, mannauðsstjóri og fagstjóri mannauðs- og launamála skrifa undir. Ef til þess kæmi að athugasemdir væru frá t.d. forstjóra þá væri það leiðrétt við næstu launakeyrlu.

### 5. Risna

Útfyllt risnuheimild fylgir reikningum Samgöngustofu. Verkferlar verða yfirfarnir til að tryggja hvort eitthvað sé ábótavant í þeim og tryggja að þeir séu í fullu samræmi við reglur fjármála- og efnahagsráðuneytis um risnuhald hjá ríkisstofnunum.

### 6. Ráðningasamningar

Allar ráðningar hjá Samgöngustofu eru samþykktar af forstjóra stofnunarinnar. Ráðningasamningar eru gerðir við allt nýtt starfsfólk og skrifar forstjórinn þar undir fyrir hönd stofnunarinnar. Vegna athugasemdar Ríkisendurskoðunar með að það vantaði undirritun á um helming ráðningasamninga í úrtaki hennar, mun mannauðsdeild yfirfara alla

ráðningarsamninga í janúar nk. og tryggja að stofnunin uppfylli allar athugasemdir sem hafa komið fram.

Varðandi launabreytingar sem eiga sér stað hjá starfsfólki þá á það að vera allt til skjalfest hjá stofnuninni og fylgir það almennt hverri launakeyrslu fyrir sig eða fer í möppu hvers og eins starfsmanns í læstum skáp. Hugsanlega má gera þetta með formlegri hætti og mun stofnunin skoða það.

## 4 Fjárveitingar og rekstur

### 4.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF) eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. En fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveitingar til Samgöngustofu á árinu 2017 námu 1.240,2 m.kr., auk 2,5 m.kr. í launaleiðréttingu og 3,0 m.kr. í fyrirframgreitt fjárfestingaframlag, alls 1.245,7 m.kr. Skv. LOF runnu ríkistekjur ársins 2017 beint til ríkissjóðs. Tekjuafgangur á árinu nam 154,6 m.kr. en á árinu 2016 nam hann 237,9 m.kr.

Höfuðstóll Samgöngustofu nam 235,9 m.kr. í árslok 2017 og hafði staðan batnað um 167,0 m.kr. frá fyrra ári. Þessi breyting skýrist af hagnaði ársins 154,6 m.kr. að frádregnum 3,0 m.kr. fyrirframgreiddu fjárfestingaframlagi, sem samanstendur af heildarafskriftum ársins 8,2 m.kr. að frádregnum eignakaupum ársins 5,2 m.kr. Auk þess jókst höfuðstóll um 15,4 m.kr. vegna breytingar skv. LOF.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingu og rekstri á árinu 2017:

Í þús. kr.	Fjárveiting 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017
Launagjöld	1.272.500	1.575.983	-303.483
Önnur rekstrargjöld	803.900	640.650	163.250
Rekstrartekjur	-843.200	-1.132.264	289.064
Tilfærslur	500	1.675	-1.175
Fjármunatekjur		-8.960	8.960
Fjármagnsgjöld		5.761	-5.761
<b>Samtals</b>	<b>1.233.700</b>	<b>1.082.845</b>	<b>150.855</b>
Afskriftir	11.990	8.233	3.757
<b>Samtals</b>	<b>1.245.690</b>	<b>1.091.078</b>	<b>154.613</b>

Nokkur mismunur er á milli fjárveitingar og rekstrar, einkum á launakostnaði, öðrum rekstrargjöldum, og rekstrartekjum. Launagjöld reyndust 303,4 m.kr. hærrí en fjárveiting, önnur rekstrargjöld voru 163,3 m.kr. lægri og rekstrartekjur 289,1 m.kr. hærrí. Tekjuafgangur af rekstri ársins var 154,6 m.kr. Skipting fjárveitingar til launa og annarra rekstrargjalda hefur ekki verið í samræmi við raunkostnað og launagrunnur hefur ekki fylgt launahækkunum á markaði.



Samgöngustofa hefur komið athugasemdum vegna þessa á framfæri við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Meðtalið í afskriftum ársins eru jafnframt afskriftir nýlegra eigna, sem áður hafa verið gjaldfærðar að fullu.

## 4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun er gerð árlega hjá Samgöngustofu, hún er samþykkt af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og borin saman við rauntölur með reglubundnum hætti á framkvæmdastjórnarfundum hjá stofnuninni. Rekstraráætlun Samgöngustofu árið 2017 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins.

Sértekjur voru áætlaðar 579,0 m.kr. en urðu 668,0 m.kr. eða 89,0 m.kr. (15,4%) hærrí en áætlað hafði verið. Meginfrávik frá rekstraráætluninni meðal sértekna voru á umboðs- og sölulaunum vegna leiðréttingar á Nortype eða 44,7 m.kr. Áætlun vegna annarra rekstrartekna var upp á 444,4 m.kr. en raunin varð 464,3 m.kr. eða 19,9 m.kr. (4,46%) hærrí. Þar munar mest um að tekjur vegna starfsleyfa á flugleiðsögupjónustu urðu 21,5 m.kr. eða 15,8% yfir áætlun. Áætlun vegna ríkistekna (markaðar tekjur) var samtals upp á 759,8 m.kr. en varð 736,8 m.kr. eða 23,0 m.kr. (3,04%) undir áætlun, m.a. þar sem liðurinn útgáfa lofthæfisskírteina varð 24,8 m.kr. (58,3%) lægri en gert hafði verið ráð fyrir.

Áætlun vegna launa og launatengdra gjalda var upp á 1.565,3 m.kr. en raunin varð 1.576,0 m.kr. eða 10,7 m.kr. (0,69%) hærrí en áætlunin. Rekstrargjöld samtals voru áætluð 767,7 m.kr. en urðu 650,5 m.kr. eða 117,1 m.kr. (15,26%) lægri en áætlunin. Mesta frávikíð var á rekstrarkostnaði sem var áætlaður 166,9 m.kr. en varð 129,7 m.kr. eða 37,2 m.kr. (22,3%) undir áætlun og munar þar mestu um að liðurinn númeraplötur var 24,8 m.kr. lægri en áætlað hafði verið.

## 4.3 Niðurstaða

Rekstur árið 2017 er innan fjárveitinga. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins og reglulega er farið yfir fjárhagsstöðu.

## 5 Innra eftirlit

### 5.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 5.2 Umfjöllun

#### 5.2.1 Bókhald

Samgöngustofa annast sjálf færslu bókhalds (Navision) og greiðslu reikninga. Stofnunin sér um bókun inn í launakerfið (Oracle) en útreikningur og greiðsla launa fer fram í launakerfi ríkisins. Reikningar eru samþykktir rafrænt af tveimur starfsmönnum og einnig þarf fjármálastjóri að samþykkja alla reikninga til greiðslu.

#### 5.2.2 Laun

Ráðningarsamningar eru gerðir við alla starfsmenn stofnunarinnar og á forstjóri að staðfesta ráðningu með undirritun sinni. Mannauðssvið sér um varðveislu gagna vegna ráðninga, breytinga á kjörum ásamt skráningu í mannauðskerfið og launavinnslu. Haldið er utan um viðveru starfsmanna með stimpilklukku og Vinnustund.

Við könnun ársins 2016 var mælt til að yfirferð launalista sé staðfest fyrir hvern mánuð fyrir sig og var sú raunin á árinu 2017. Í hverjum mánuði er launalistinn yfirfarinn og staðfestur af forstjóra, mannauðsstjóra og fagstjóra í mannauðs- og launamálum. Hins vegar er listinn yfirfarinn eftir að launin eru greidd. Ríkisendurskoðun mælir með að yfirferðin eigi sér stað áður en launagreiðsla er framkvæmd. Einnig er mælt til að listinn innihaldi samanburðartölur til frekari glöggvunar.

#### 5.2.3 Ráðningarsamningar og starfslýsingar

Við könnun ársins 2015 kom fram að endurgera þurfti alla ráðningarsamninga eftir sameiningu stofnana í Samgöngustofu og er þeirri vinnu ekki enn að fullu lokið. Starfslýsingar eru til staðar fyrir öll störf á pappír. Verið er að yfirfara þær og flytja í gæðakerfi. Við könnun ársins 2016 kom fram hjá mannauðsstjóra að mikil vinna væri fram undan vegna vörpunar hjá SFR yfir í nýjar launatöflur sem tóku gildi 1. júní 2017 og því þurfi að breyta ráðningarsamningum fyrir um það bil 60 starfsmenn. Þeirri vinnu er ekki lokið. Í ársbyrjun 2018 var ekki búið að taka ákvörðun hvort gerðir yrðu nýir ráðningarsamningar eða viðauki við núverandi ráðningarsamning hjá þeim starfsmönnum sem vörpunin tók til.

#### 5.2.4 Tekjur og gjaldskrá

Ríkisendurskoðun hefur frá árinu 2015 lagt til að komið væri á skipulögðu verklagi varðandi afstemmingar á tekjum og að afstemmingarblöð vegna tekna væru fyllt út. Þetta er ekki komið í þann farveg sem æskilegt væri, þrátt fyrir að þokast í rétta átt. Skipulagt verklag við afstemmingar er í vinnslu en sökum anna og mannaþreyinga hefur þetta setið á hakanum. Ríkisendurskoðun leggur enn og aftur áherslu á að Samgöngustofa komi þessu verkefni í góðan farveg.

Á árinu 2017 skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu til Alþingis um innheimtu kostnaðar hjá Samgöngustofu. Þar kemur meðal annars fram að þáverandi innanríkisráðuneyti hafi komið formlega á framfæri við stofnunina að hún innleiddi verkþókhald með markvissari hætti sem grundvöll fyrir gjaldskrá stofnunarinnar.

Lögð hefur verið mikil vinna í að gera verkþókhald Samgöngustofu markvissara og frá og með 1. janúar 2018 var öllum starfsmönnum stofnunarinnar gert að skrá tíma sína í verkþókhald óháð því hvort tímar séu útseldir.

Ákveðið var í júlí sl. að fá utanaðkomandi sérfræðinga til aðstoðar við að kostnaðargreina alla gjaldskrána og stendur sú vinna yfir.

#### 5.2.5 Rekstrargjöld

Bókari skráir reikninga í viðskiptaskuldahluta fjárhagskerfisins í Navision og sendir þá til samþykktar til þess starfsmanns sem pantaði vöruna/þjónustan, ásamt yfirmanni hans og fjármálastjóra, áður en þeir berast til gjaldkera til greiðslu.

### 5.3 Niðurstöður/ábendingar

Ríkisendurskoðun vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

- ✓ Koma þarf á skipulagi/verklagi varðandi afstemmingar á tekjum.
- ✓ Skjala þarf ferla stofnunarinnar.
- ✓ Mælt er með að launalistar séu staðfestir áður en launagreiðsla er framkvæmd og að listarnir innihaldi samanburðartölur til frekari glöggvunar.
- ✓ Ljúka þarf við gerð þeirra ráðningarsamninga sem eftir er að endurgera frá sameiningu, ásamt frágangi vegna vörpunar yfir í nýja launatöflu hjá SFR.

## 6 Fylgni við lög og reglur

### 6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárveitingar og rekstraráætlun í kafla 4.

### 6.2 Umfjöllun

#### 6.2.1 Risna

Samkvæmt athugun á úrtaki risnureikninga er reglum um risnuhald fylgt að mestu leyti. Risnureikningar eru vel sundurliðaðir en hins vegar vantar að fylgi með útfyllt risnuheimild þar sem meðal annars er getið um hverjir urðu risnunnar aðnjótandi.

#### 6.2.2 Styrkir

Á árinu veitti Samgöngustofa 1,5 m.kr. styrk til Strandsýnar ehf. til þróunar á tæki sem varar við yfirvofandi strandi skipa.

#### 6.2.3 Virðisaukaskattur

Bókun og merking færslna reikninga sem bera virðisaukaskatt eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts færirst reglulega til eignar á viðskiptareikning stofnunarinnar við ríkissjóð.

#### 6.2.4 Launa- og starfsmannamál

Samkvæmt athugun á úrtaki launaseðla er gerð skriflegra ráðningarsamninga og undirritun forstjóra á þá að hluta til í samræmi við starfsmannalög. Í úrtaki sem tekið var fylgdu ráðningarsamningar með öllum starfsmönnum en hins vegar vantar undirritun forstjóra á rúmlega helming þeirra eða 6 af 11. Samgöngustofa hefur nýtt sér heimild starfsmannalaganna til að setja upp tímaskráningarkerfi til að fylgjast með viðveru starfsmanna.

### 6.3 Niðurstöður

Ríkisendurskoðun vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

- ✓ Útfyllt risnuheimild þarf að fylgja með risnureikningum sbr. reglur fjármála- og efnahagsráðuneytis um risnuhald hjá ríkisstofnunum.
- ✓ Gæta þarf þess að allir ráðningarsamningar séu undirritaðir af viðeigandi aðilum.

## 7 Endurskoðun rekstrarliða

Tekjur námu alls 1.132,3 m.kr. árið 2017 og gjöld 2.226,5 m.kr.

Í þús.kr.	2017	2016	Breyting
<b>Tekjur:</b>			
Sértekjur	667.987	543.213	124.775
Aðrar rekstrartekjur	464.277	433.957	30.320
Ríkistekjur (áður markaðar tekjur)	0	677.433	-677.433
<b>Tekjur alls</b>	<b>1.132.264</b>	<b>1.654.602</b>	<b>-522.338</b>
<b>Gjöld:</b>			
Launakostnaður	1.575.983	1.385.218	190.765
Rekstrarkostnaður	135.913	120.491	15.422
Húsnæðiskostnaður	113.363	120.196	-6.833
Starfstengdur kostnaður	78.926	79.523	-597
Aðkeypt þjónusta	314.123	310.311	3.812
Eignakaup	0	23.918.	-23.918
Afskriftir eigna	8.233	0	8.233
<b>Gjöld alls</b>	<b>2.226.541</b>	<b>2.039.657</b>	<b>186.884</b>

### 7.1 Tekjur

Tekjur námu alls 1.132,3 m.kr. á árinu 2016 og skiptust í sértekjur og aðrar rekstrartekjur. Ríkistekjur eru ekki lengur taldar fram í ársreikningi heldur er þeim skilað beint til ríkissjóðs. Lögð var áhersla á að kanna hvernig Samgöngustofu gengi að ná utan um afstemmingar á tekjum. Eins og áður hefur komið fram vantar þar enn töluvert upp á. Einnig voru breytingar á bókfærðum tekjum og áætlun bornar saman og gerðar fyrirspurnir.

### 7.2 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 1.576,0 m.kr. sem er hækkun um 190,8 m.kr. eða 13,8% frá fyrra ári. Í árslok 2017 voru ársverk 133,63 og starfsmenn 149. Laun og launatengd gjöld voru tekin til frekari skoðunar. Skoðaðar voru allar hreyfingar starfsmanna á launalista og úrtak valið af handahófi þar sem m.a. var farið yfir ráðningarsamninga, launaseðla og önnur atriði í launavinnslu.

## 7.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld námu 650,6 m.kr. sem er lækkun um 3,9 m.kr. eða 0,6% frá fyrra ári. Önnur rekstrargjöld voru tekin til frekari skoðunar. Valin voru nokkur fylgiskjöl af handahófi og þau skoðuð með tilliti til formkrafna, efnis- og magnlýsinga, útreikninga og lotunar. Þá var athugað hvort reikningar væru efnislega réttir og hvort samþykki og önnur afgreiðsla þeirra væri í samræmi við verklagsreglur um meðferð reikninga.

## 7.4 Niðurstöður/ábendingar

Ríkisendurskoðun vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

- ✓ Koma þarf á skipulögðu verklagi varðandi afstemmingar á tekjum.
- ✓ Gæta þarf þess að allar launabreytingar, aðrar en samningsbundnar, séu skjalfestar, rekjanlegar og staðfestar af viðeigandi aðilum innan stofnunarinnar.

## 8 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2017 námu eignir 2.035,8 m.kr., skuldir námu 265,0 m.kr., annað eigið fé nam 1.534,9 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 235,9 m.kr.

Í þús.kr.	31.12.2017	01.01.2017	Breyting
Eignir:			
Tæki og búnaður	31.306	34.296	-2.990
Birgðir	52.423	12.367	40.056
Ríkissjóður	1.445.261	1.270.891	174.370
Skammtímakröfur	462.489	262.124	200.365
Handbært fé	44.310	165.100	-120.789
Eignir alls	2.035.789	1.744.778	291.011
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	235.911	1.479.420	-1.243.509
Annað eigið fé	1.534.878	0	1.534.878
Viðskiptaskuldir	265.000	265.358	-358
Eigið fé og skuldir alls	2.035.789	1.744.778	291.011

### 8.1 Eignir

#### 8.1.1 Tæki og búnaður

Með lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 ber ríkisaðilum í fyrsta sinn árið 2017 að færa varanlega rekstrarfjármuni til eignar í efnahagsreikningi. Áður voru allir varanlegir rekstrarfjármunir gjaldfærðir í rekstri án tillits til þess hvort þeir væru nýttir til þjónustu í þágu stofnunarinnar á fleiri árum en kaupári. Nýjar reikningsskilareglur kveða á um að varanlegir rekstrarfjármunir skuli færðir til eignar en færa skuli afskrift til gjalda í rekstri að fjárhæð sem nemur hlutdeild af kostnaðarverði til samræmis við notkun. Samgöngustofa hefur gert efnahagsreikning 1. janúar 2017 þar sem verðmæti áður gjaldfærðra varanlegra rekstrarfjármuna er fært til eignar.

Samgöngustofa hefur sett sér þá viðmiðunarreglu að eignfæra ekki fjármuni sem eru undir 250 þús. kr. Fjármála- og efnahagsráðuneyti hefur ekki sett skýrar viðmiðunarreglur um eignfærslur og er það því á valdi einstakra stofnana að leggja mat á notkunartíma og aðrar forsendur um eignfærslur samkvæmt almennum reikningsskilareglum. Farið var yfir fyrningarskýrslu fyrir varanlega rekstrarfjármuni og samanstandur hún að mestum hluta af tölvubúnaði. Stofnunin á

sex bifreiðar sem ekki voru eignfærðar vegna aldurs þeirra. Haldið er sérstaklega utan um eignir sem ekki eru eignfærðar en það vantar að uppfæra þá lista.

### 8.1.2 Birgðir

Birgðir Samgöngustofa námu alls 52,4 m.kr og eru númeraplötur sem geymdar eru á framleiðslustöð á Litla Hrauni. Samkvæmt LOF eru birgðir nú færðar upp í bókhaldi. Birgðir voru taldar af starfsmanni stofnunarinnar um sl. áramót.

### 8.1.3 Skammtímakröfur

Skammtímakröfur námu 462,5 m.kr. í árslok 2017 og varð veruleg aukning á þeim frá byrjun árs. Þetta stafar m.a. af því að þann 1. ágúst 2017 var heimilt að greiða bifreiðagjöld, þungaskatt og vörugjöld við eigendaskipti og nýskráningar bifreiða með kreditkortum og setja í reikning hjá þeim viðskiptavinum sem eru í föstum viðskiptum hjá Samgöngustofu og höfðu jákvætt mat hjá Creditinfo. Einnig er á meðal skammtímakrafna krafa á Nortype upp á 47,1 m.kr. sem myndaðist vegna leiðréttingar á tekjum fyrri ára.

Yfirferð fólst m.a. í fyrirspurnum og skoðun á 20 viðskiptamönnum með samtals um 63,0% af heildarskammtímakröfum 31. desember 2017 en í júní voru 1,6% enn útistandandi af þessum kröfum. Að sögn fjármálastjóra hefur þó nokkur vinna farið fram í innheimtumálum Samgöngustofu, m.a. yfirferð eldri skulda og innheimta þeirra og til stendur að flokka betur viðskiptamenn í bókhaldi. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að samhliða þessari yfirferð setji Samgöngustofa niður skriflegan verkferil og verklagsreglur varðandi innheimtu og afstemmingu á viðskiptamönnum.

### 8.1.4 Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi eru færðar kröfur á ríkissjóð og nam inneign hjá ríkissjóði 1.445,3 m.kr. í árslok en var 1.249,0 m.kr. í ársbyrjun. Hluti af kröfum á ríkissjóð er krafa vegna færslu orlofsskuldbindingar 136,8 m.kr. Krafa vegna orlofsskuldbindingarinnar er færð upp með vísan til yfirlýsingar fjármála- og efnahagsráðuneytis en skuldbindingin sjálf er færð inn á grundvelli LOF. Ríkisendurskoðun bendir á að á þessu stigi er ekki ljóst hvernig staðið verður að fjárveitingu til Samgöngustofu til greiðslu á þessari kröfu og því verður að hafa fyrirvara varðandi eignfærslu.

### 8.1.5 Handbært fé

Handbært fé nam 44,3 m.kr. í árslok 2017 sem er lækun um 120,8 m.kr. eða 73,2% frá ársbyrjun 2017. Handbært fé samanstendur af sex innlendum bankareikningum, samtals 34,0 m.kr., tveimur erlendum bankareikningum, samtals 9,8 m.kr., og sjóði sem inniheldur skiptimynt fyrir þjónustuverið, samtals 0,5 m.kr. Samræmi var á milli stöðu bókhalds í árslok og staðfestra bankayfirlita.



## 8.2 Eigið fé og skuldir

### 8.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll Samgöngustofu er jákvæður um 235,9 m.kr. í árslok 2017 og hafði staðan batnað um 167,0 m.kr. frá fyrra ári. Breytingin skýrist af hagnaði ársins 154,6 m.kr. að frádregnum 3,0 m.kr. fyrirframgreiddu fjárfestingaframlagi, sem samanstendur af heildar afskriftum ársins 8,2 m.kr. að frádregnum eignakaupum ársins sem eru 5,2 m.kr., og síðan af breytingu vegna LOF að fjárhæð 15,4 m.kr.

### 8.2.2 Annað eigið fé

Annað eigið fé nam 1.534,9 m.kr. í árslok 2017. Eftir gildistöku fjárreiðulaganna árið 1997 ákvað ríkisreikningsnefnd að breyta ársreikningum stofnana í A-hluta með þeim hætti að færa þeim til tekna hlutdeild þeirra í mörkuðum tekjum og rekstrartekjum. Var þetta gert til að ársreikningarnir væru í betra samræmi við ársreikninga einkaaðila. Í upphafi var þó ákveðið að tilteknir fjárlagaliðir fengju ekki að ráðstafa mörkuðum tekjum að fullu. Voru þetta stofnanir þar sem útgjöld voru ákveðin með sérstökum hætti eins og t.d. í vegaáætlun. Sá hluti markaðra tekna sem þær máttu ekki nýta var færður á „bundið eigið fé“. Óheimilt er að ráðstafa því nema með sérstakri heimild Alþingis. Ekki hefur verið tekin afstaða til hvernig farið verður með þetta bundna eigið fé þó svo að ríkistekjur (áður markaðar tekjur) séu ekki lengur taldar fram í ársreikningi stofnunarinnar enda er þeim skilað beint í ríkissjóð.

### 8.2.3 Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir námu 265,0 m.kr. í árslok 2017 og standa nánast í stað frá árinu áður. Skammtímaskuldir eru að mestu leyti orlofsskuldbinding sem nam 157,6 m.kr. Samræmi var á milli stöðu hennar í bókhaldi í árslok og orlofskerfisins. Þar á eftir eru innlendar og erlendar viðskiptaskuldir sem námu 57,5 m.kr. Valið var úrtak er samanstóð af tíu stærstu lánardrottnum, eða samtals 27,5 m.kr. og staða í árslok staðfest. Frestuð tekjufærsla fjárfestingaheimilda nam 31,3 m.kr., ógreidd laun og launatengd gjöld námu 10,5 m.kr. og tengdir aðilar námu 8,1 m.kr.

## 8.3 Niðurstöður/ábendingar

Ríkisendurskoðun vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

- ✓ Huga þarf að aðgangsheimildum í fyrirtækjabanka. Þær þurfa að vera í samræmi við ábyrgðarsvið starfsmanna til að tryggja aðgreiningu starfa við fjárreiður og bókhald.
- ✓ Skjalfesta þarf skriflegan verkferil og verklagsreglur varðandi innheimtu og afstemmingu á viðskiptamönnum.

## 9 Önnur atriði

### 9.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur Samgöngustofu sem gerður var af Fjársýslu ríkisins var undirritaður af forstjóra þann 3. október 2018.

### 9.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda var samþykkt og undirritað af forstjóra og fjármálastjóra stofnunarinnar þann 3. október 2018.

### 9.3 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi stofnunarinnar árið 2017 og samkvæmt upplýsingum Samgöngustofu, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina er varða árið 2017.

### 9.4 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Samgöngustofu vegna ársins 2017.



Ríkisendurskoðun  
Bréttartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)